

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 30/2001**

**frá 30. mars 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/1999 frá 17. desember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/567/EB frá 27. júlí 1999 um að ákveða fyrirmynd að vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE<sup>(2)</sup> skal fèlld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi komi aftan við 50. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/395/EB) í hluta 4.2 í I. kafla í I. viðauka við samninginn:

„51. **399 D 0567:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/567/EB frá 27. júlí 1999 um að ákveða fyrirmynd að vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE (Stjtíð. EB L 216, 14.8.1999, bls. 13).

Þessi gerð gildir einnig um Ísland.“

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 74, 15.3.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 206.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 216, 14.8.1999, bls. 13.

*2. gr.*

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/567/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.